

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi Mýrasýslu 1998-2010, breytt mörk þéttbýlis Bifrastar og nærliggjandi verndarsvæða.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. júlí 2007 fallist á breytingu á svæðisskipulagi Mýrasýslu 1998-2010, frá 23. maí 2000.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Afmörkun þéttbýlisins að Bifröst breytist.
2. Afmörkun svæðis sem skilgreint er sem náttúruvætti (Grábrókargígar) breytist.
3. Brunn-, grann- og fjarsvæði vatnsverndar í nágrenni við Bifröst breytast.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og verið samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar og auglýst samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga. Hefur ráðherra borist umsögn Skipulagsstofnunar þar sem mælt er með því að á breytinguna verði fallist.

Umhverfissráðuneytinu, 13. júlí 2007.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 30. júlí 2007